

**Ed.**

**42. Frumvarp**

til laga um eftirlit með sparisjóðum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt að fela stjórn Landsbanka Íslands að láta starfslið bankans endurskoða alla sparisjóði landsins einu sinni á ári og gefa árlega út yfirlitsskýrslu um hag sjóðanna. Má verja til þessa eftirlits allt að 3000 kr. ár hvert. Skal þeirri fjárhæð jafnað niður á sparisjóðina eftir veltu þeirra, og endurgreiðist hún Landsbankanum.

**2. gr.**

Lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, skulu úr gildi numin.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

## Greinargerð.

Vegna kreppunnar er sýnilegt, að gjaldþegnum landsins muni veitast erfitt að standa undir lögboðnum launagreiðslum, sem minna var sakast um meðan vel lét í ári. Mun það nú nokkuð almenn krafa frá kjósendum, að spöruð séu þau embætti, sem telja má, að geri lítið eða ekkert gagn, einkum ef þau eru þá í meira lagi fjárfrek. Má búast við, að nú í vetur og á næstu árum verði það eitt af aðalstörfum Alþingis að koma á stórfelldri samfærslu og nýskipun á embættakerfi landsins.

En af öllum embættum, sem til eru í landinu, mun það almanna trú, að eftirlitsstarfið með bönkum og sparisjóðum sé einna dýrkeyptast, ef bæði er miðað við kaupgreiðslu og not þau, sem þjóðfélagið hefir af þessari starfrækslu.

Sú er saga þess máls, að lögin um þetta embætti voru sett á Alþingi 1923. Íslandsbanki var þá á heljarþröminni, en skuldunautar hans í Rvík vildu forða honum frá falli, koma skuldbindingum hans á gjaldþegna landsins en njóta sjálfir fjármagns bankans. Gerðu framsóknarmenn í báðum deildum þingsins þá kröfu um, að þingnefnd yrði falið að rannsaka hag bankans, enda mátti varla minna vera, þar sem bankinn var í stórum vanda, en einmitt þá að fá margar milljónir að láni hjá landinu. En flokkur Mbl. í þinginu vildi með engu móti leyfa þingmönnum að kynnast skuldamálum bankans, enda myndi þá hafa verið stífluð á að ósi um lán til bráðeignalausra manna, sem bankinn hélt áfram að lána og tapaði á mörgum milljónum.

En til að láta svo líta út, sem meðhaldsmenn bankans vildu þó þola eitt-hvert eftirlit, kom Sigurður Eggerz með frv. um að búa til embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum. Fylgdu Mbl.menn allir honum fast að málum, en framsóknarmenn voru á móti, en í minni hluta. Laun voru ekki spöruð, og skyldi eftirlitsmaðurinn hafa 10 þús. kr. fastar og dýrtíðaruppbót eins og í bönkunum. Á þann hátt mun eftirlitsmaðurinn hafa fengið um 16 þús. kr. í árskaup og ferðakostnað að auki.

Sigurður Eggerz og ihaldsmenn höfðu stofnað embættið, en Klemens Jónsson átti að veita það. En hann taldi embættið óþarft, eins og samflokksmenn hans á þingi, og vildi fá það afnumið á Alþingi 1924, ef framsóknarmenn gætu unnið svo á við kosningarnar haustið 1923, að þeir hefðu meirihlutaaðstöðu í báðum deildum.

En svo var ekki. Íhaldið var í einskonar meiri hluta eftir kosningarnar og formaður þess flokks var búinn að lofa ákveðnum flokksmanni sínum embættinu eftir stjórnarskiptin. En sá maður hafði þá staðið fyrir bankadeild og tapað þar miklu fé fyrir ógætilegar ráðstafanir, sem sýnilega kom af hæfileikaleysi mannsins til að dæma um fjármál. Þegar Klemens Jónsson sá, að starfið yrði ekki lagt niður, heldur veitt, og það manni, sem var bersýnilega mjög illa til starfrækslunnar fallinn, afréð ráðherrann að veita það heldur sjálfur, áður en hann léti af völdum, manni, sem ekki væri fyrirfram víst um, að ekkert gagn gæti gert í starfinu.

Jakob Möller hlaut embættið, en ihaldsmenn brugðust reiðir við og þóttust illá sviknir, er þeir gátu ekki veitt embættið sjálfir. Deildu þeir fast á hinn

nýja eftirlitsmann í blöðunum og töldu rétt að leggja embættið niður. Kvaðst Jakob Möller mundu sætta sig við það og ekki krefjast skaðabóta.

Eftirlitsmaðurinn tók á móti launum sínum, en mun brátt hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að embættið væri eiginlega óþarft og ekkert þar að gera. Hann virðist hafa frá byrjun leitt hjá sér að athuga bankana og útibú þeirra, en fyrstu árin mun hann hafa skoðað einstaka sparisjóði, en þó engar skýrslur gefið þinginu eða almenningi um störf sín. Eina verulega „starfskýrslan“, sem eftirlitsmaðurinn mun hafa birt almenningi, er yfirlýsing hans á þingi 1930, eftir að Íslandsbanki hafði stöðvað greiðslur og var margfaldlega gjaldþrota, eins og síðar hefir sannazt. En þá var eftirlitsmaðurinn prýðilega ánægður með hag stofnunarinnar.

Loks kom þar, að Landsbankinn og Útvegsbankinn létu fjármálastjórnina vita, að þeir vildu ekki borga eftirlitsmanninum laun, og munu hafa rökstutt þá skoðun með því, að embættið hefði enga raunverulega þýðingu fyrir bankana, en allverulegan kostnað í för með sér. Mun það nú almennt viðurkennt, að embættið sé gersamlega þýðingarlaust, en hinsvegar meðal hinna dýrustu, sem þjóðin þarf að borga. Er þess vegna lagt til, að embættið sé lagt niður þegar í stað. Bankarnir sjálfir eru nú hver um sig háðir miklu eftirliti, enda reynslan sýnt, að eftirlitsmaðurinn telur sig ekki eiga þangað erindi. Hinsvegar er nauðsynlegt, að allir sparisjóðir landsins séu endurskoðaðir einu sinni á ári og opinber skýrsla gefin um. Þykir langeðlilegast, að þetta starf sé falið þjóðbankanum, enda getur hann látið starfsmenn sína við útibúin og aðalbankann framkvæma þetta eftirlit með litlum kostnaði.

Breyting sú, sem hér er farið fram á, myndi spara landinu 12—13 þús. kr. árlega, og eftirlitið með sparisjóðunum auk þess verða viðunanlega sterkt, í stað þess að það er nú ekki neitt, nema að því leyti sem sparisjóðirnir framkvæma það sjálfir.